

4.12.2018

Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga.

Á næsta ári renna út allir kjarasamningar sem Samband Íslenskra sveitarfélaga gerir fyrir hönd sveitarfélaganna í landinu. Hvert sveitarfélag veitir sambandinu umboð til kjarasamningsgerðar vegna hvers og eins stéttarfélags sem starfsmenn þess eiga aðild að. Vegna komandi kjaraviðræðna er því nauðsynlegt að sveitarfélögin yfirfari og endurnýji kjarasamningsumboð sín til samræmis við núverandi stöðu og sendi kjarasviði sambandsins. Mikilvægt er að enginn vafi ríki um umboð samninganefndar sveitarfélaga þegar hún sest við samningaborðið með stéttarfélögum starfsmanna sveitarfélaga nú eftir áramótin.

Að þessu sinni kynnum við uppfært umboðseyðublað sem breytt hefur verið með tilliti til ákvæða persónuverndarlaga og þar sem staðfest er skylda sveitarfélaga til að gefa kjarasviði sambandsins upplýsingar um laun starfsmanna sem nauðsynlegar eru svo unnt sé að reikna út kostnaðaráhrif af þeim breytingum sem gerðar verða á kjarasamningum. Umboðseyðublaðið má finna hér á [heimasíðu sambandsins](#).

Vinsamlega sendið uppfærð kjarasamningsumboð til kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir 20. janúar á netfangið berglind@samband.is

Með góðri kveðju,



Inga Rún Ólafsdóttir

sviðsstjóri kjarasviðs

Beint innval: 515 4928

Netfang: inga.run.olafsdottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is
